

Lex lögmannstofa
Borgartúni 26
105Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2023
UST202212-117/H.G.
08.07.01

Efni: Niðurfelling starfsleyfis - Norðurál Helguvík

Umhverfisstofnun barst erindi þann 12. apríl sl. frá Köru Borg Fannarsdóttur f.h. Norðurál Helguvík ehf. þar sem óskað var eftir niðurfellingu starfsleyfis Norðuráls Helguvík ehf. kt. 470207-2800, til framleiðslu áls á iðnaðarsvæðinu við Helguvík.

Farið var í lokunareftirlit þann 14. apríl sl. Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti og staðfest var að frágangi vegna þeirrar starfsemi sem tilheyrir starfsleyfi álversins sé lokið.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um að fella niður starfsleyfi Norðuráls Helguvík ehf. kt. 470207-2800 og mun birta niðurfellinguna opinberlega á vefsíðu sinni.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um niðurfellingu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur